

## Gagnagrunnur Samskipa (Þjónustuvefur) Notendasamningur

Samskip hf. og \_\_\_\_\_ hafa gert með sér svohljóðandi samning um aðgang notandans að þjónustuvef Samskipa á heimasíðu félagsins og þeim upplýsingum sem þar eru birtar og nánar er lýst í samningi þessum.

- 1.0 Gagnagrunnur Samskipa sem notandi hefur aðgang að samanstendur af upplýsingum um fjárhagsfærslur og flutninga vegna einstakra farmsendinga notanda, t.d.:
  - i) komutilkynningar
  - ii) reikningsyfirlit
  - iii) upplýsingar um einstakar farmsendingar
  - iv) staðsetning gáma, o.fl.
- 2.0 SAMSKIP á höfundarétt og önnur réttindi á sviði hugverka- og auðkennaréttar að gagnagrunninum, nafni hans og hugverkum, er vistuð eru í grunninum. Viðskiptamanni er aðeins heimil nýting þessara réttinda samkvæmt þeim ákvæðum er koma fram í samningi þessum.
- 3.0 Notanda er heimill aðgangur að upplýsingum úr gagnagrunninum í þágu hans sjálfs og er honum óheimilt að veita öðrum aðgang að gagnagrunninum. Viðskiptamanni er óheimilt að nýta upplýsingarnar sjálfstætt í fjárhagslegu augnamiði. Afritun gagnagrunnsins í heild er ætíð óheimil.
- 4.0 Notandinn fær lykilorð til aðgangs að gagnagrunninum hjá Samskip og skuldbindur hann sig til að veita ekki öðrum upplýsingar um lykilorð en þeim starfsmönnum sem aðgang eiga að hafa að gagnagrunninum. Jafnframt skuldbindur notandinn sig til að reyna ekki á nokkurn hátt að komast yfir eða hagnýta sér aðrar upplýsingar sem geymdar eru í gagnagrunninum en þær sem honum eru aðgengilegar undir lykilorði hans. Öll notkun lykilorðsins er á ábyrgð notandans.
- 5.0 Öll skráning upplýsinga í gagnagrunninn fer fram með einhliða ákvörðun Samskipa á hverjum tíma. Samskip áskilur sér allan rétt til að leiðrétta misræmi eða villur milli upplýsinga í gagnagrunni og skriflegum flutningskjölum, reikningum eða öðrum skjölum vegna einstakra farmsendinga.
- 6.0 Samskip ábyrgist ekki áreiðanleika/nákvæmni upplýsinga í gagnagrunninum. Samskip ber í engu tilfelli ábyrgð á óbeinu tjóni er viðskiptamaður kann að verða fyrir við að upplýsingar í grunninum reynast rangar, ónákvæmar eða ófullnægjandi, svo sem, en ekki takmarkað við, rekstartjón, afnotamissi og útlagðan kostnað. Sama gildir um vöntun upplýsinga.
- 7.0 Notkun notanda á gagnagrunni Samskipa eins og hann er skilgreindur í samningi þessum er án endurgjalds, nema annað sé tekið fram í hvert einstakt skipti. Samskip áskilur sér allan rétt til, án fyrirvara að takmarka rétt notanda að einstökum upplýsingum í gagnagrunninum eða rjúfa alfarið aðgang notanda að gagnagrunninum tímabundið eða varanlega.
- 8.0 Að öðru leiti en að ofan greinir gilda almennir skilmálar og fyrirvarar sem fram koma á farmbréfum Samskipa vegna hvernar einstakrar vörusendinga svo og aðrir almennir skilmálar félagsins sem varða aðra þjónustu sem Samskip kann að láta notanda í té hverju sinni.

\_\_\_\_\_  
Staður

\_\_\_\_\_  
Dags.

\_\_\_\_\_  
F.h. notanda

\_\_\_\_\_  
F.h. Samskipa

\_\_\_\_\_  
Fjármálastjóri/framkvæmdarstjóri